

## G J A L D S K R Á

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

25

25. marz

## 1. gr.

Um leið og ný hús, sem byggð eru hér eftir, eru tekin í samband við taugar rafveitunnar, skal húseigandi greiða tengigjald, miðað við Brunabótavirðingu húseignarinnar þannig, að fyrir hvert hús, sem er að virðingarverði:

frá 0— 5 þúsund krónur greiðist .....	kr. 20.00
— 5—10 — — — .....	— 30.00
— 10—20 — — — .....	— 40.00
yfir 20 — — — .....	— 50.00

Ef heimtaug er lengri en 30 metrar frá aðallinu ákveður rafveitunefnd tengigjald í samráði við hreppsnefnd.

## 2. gr.

1. Verð á raforku til ljósa í íbúðarhúsum um mæli, skal vera fyrst um sinn kr. 1.25 fyrir hverja kílóvattstund.
2. Í verzlunarhúsum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum, sláturhúsum, aðgerðar- og fiskhúsum, benzínstöðvum og öðrum þeim húsum, sem ekki eru notuð til íbúðar, má gjaldið vera allt að kr. 2.25 fyrir hverja kílóvattstund.
3. Leiga fyrir kílóvattmæla hreppsins er kr. 1.00 fyrir hvern mánuð. Hreppsnefndin sker úr hvaða hús og stofnanir heyra undir hvern lið í gjaldskrá þessari.

Einnig hefir hreppsnefndin heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.

## 3. gr.

Verð á raforku til suðu, hitunar, vélareksturs og hleðslu rafgeyma svo og til hafnar og götulýsingar, ákveður hreppsnefndin fyrir hvert ár í senn eða styttri tíma, eftir því hvort hagkvæmara þykir og næg raforka er fyrir hendi, sem hægt er að leyfa til slíkra hluta.

## 4. gr.

Gjöld fyrir raforku um mæli og mælisleiga, greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælunum.

Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 10 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða húsnæði því, sem lögnin er í.

Gjöld öll fyrir raforku má taka lögtaki.

25

25. marz

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 62 23. júní 1920, fyrir rafmagn í Borgarneskaupúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 15. 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

26

1. apríl

## REGLUR

### um flokkun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkist þannig:

#### A. Vorull:

1. fl. Hvít vorull, vel þvegin og vel þurr, þelgóð og blæfalleg, fætlingalaus, greið og illhæruhlit, laus við dökk hár, klepra, mor og sand.
2. fl. Hvít vorull, allvel þvegin og vel þurr, greið, fætlingalaus og flókalaus.
3. fl. Hvítir vorullarflókar, vel þvegnir og vel þurrir.
4. fl. Svört, mórauð og grá vorull, sem um allt nema lit, fullnægir sömu skilyrðum og 1. og 2. fl.
5. fl. Öll önnur hvít og mislit vorull, sem ekki fullnægir ofangreindum skilyrðum.

#### B. Haustull:

6. fl. Hvít haustull, rökuð af skinum, vel þvegin og vel þurr, fætlingalaus og skinnsneplalaus.
7. fl. Hvít haustull, rotuð af skinum, vel þvegin og vel þurr.
8. fl. Svört, mórauð og grá haustull, sem samsvarar 6. fl. að öðru leyti en lit.
9. fl. Hvít og mislit úrgangshaustull.
10. fl. Hvít haustull, óþvegin, laus við skarnsnepla, blóðskorpur og skinnsnepla.
11. fl. Öll mislit haustull óþvegin, sem að öðru leyti en lit fullnægir sömu skilyrðum og 10. flokks ull.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þurr, er ekki hæf til útflutnings, eigi heldur ull, sem ekki fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verzlunarvara.